

til þeirra verðmæta, sem gerðin beinist að. Slíkan ágreiningur ber ekki undir fógætarétt. Brestur því réttarfarsskilyrði fyrir beinni fógæta-gerð í máli þessu, enda önnur réttarfarssúræði tiltæk.

Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar, en með því er þó ekki tekin afstaða til réttar áfrýjanda til þeirra hluta, er hér um ræðir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Synjað er um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.
Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Miðvikudaginn 11. maí 1983.

Nr. 200/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Sigurði Inga Svavarssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Sýknað af ákæru fyrir brot í opinberu starfi, 139. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 25. ágúst 1982 og einnig áfrýjað því til þvingingar viðurlaga. Ágrip málgagna barst Hæstarétti 14. janúar sl.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit af þinghaldi í sakadómi

Árnessýslu 7. þ. m., en að tilhlutan ríkissaksóknara og samkvæmt ósk verjanda ákærða komu þá fyrir dóm og báru vitni Jón Sigurðsson aðstoðaryfirfangavörður og fangaverðirnir Hafsteinn Steindórs-son og Ólafur Ottósson.

Við flutning málsins hefur verjandi ákærða haldið því fram, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa máli frá héraðsdómi, þar sem ákæra sé eigi nægilega skilrík og því andstæð reglum 115. gr. laga nr. 74/1974. Eigi verður fallist á, að gallar séu á ákærinni, sem varða eigi ómerkingu dóms og frávísun.

Gegn eindreginni neitun ákærða þykir varhugavert að telja sann- að, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 10.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Ingi Svavarsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Árnessýslu 28. febrúar 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. febrúar sl., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dagsettri 28. október 1981, á hendur Sigurði Inga Svavarssyni, settum varðstjóra á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, til heimilis að Háeyrarvöllum 28 á Eyrarbakka, fæddum 14. nóvember 1949 í Reykjavík, „fyrir að hafa í fyrrgreindu starfi sínu í febrúar- og marsmánuði 1981 misnotað síma vinnuhælisins í eigin þágu með því að fjarlægja læsingu og breyta símalínunum og hringja þannig margsinnis sjálfvirk langlínusamtöl, sem honum voru óheimil, úr símtæki á varðstofu hælisins og á kostnað þess.

Telst þetta varða við 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og alls sakarkostnaðar (sic).“

Málavextir.

Í bréfi stjórnar Litla-Hrauns, dags. 12. apríl 1981, til dómsmálaráðuneytis, er greint frá hugsanlegu misferli eins fangavarða á Litla-Hrauni, ákærða í máli þessu, varðandi símanotkun á vinnuhælinu. Samkvæmt framburðum tveggja fangavarða, Rúnars Kristjánssonar og Sigurjóns Einarssonar, átti ákærði að hafa hringt langlínusamtöl án þess að panta númer gegnum miðstöð, en sími þessi, 99-3105, var læstur með þeim hætti, að eigi var hægt að hringja út fyrir Eyrarbakkasvæði (Eyrarbakki og Stokkseyri) án þess að fara í gegnum miðstöð.

Þá greinir í bréfi þessu, að stjórn Litla-Hrauns hafi kannað lauslega nokkra reikninga fyrir þau símtöl, sem ákærði hafi pantað gegnum símstöð, og sé ekki annað af þeim að sjá en ákærði hafi þar a. m. k. gert tilraun til að láta vinnuhælið greiða sum einkasímtala sinna.

Samkvæmt ofangreindu bréfi kallaði stjórnin ofangreinda fangaverði, Rúnar og Sigurjón, á sinn fund, og voru fullyrðingar þeirra afdráttarlaugar. Enn fremur var ákærði boðaður á fund nefndarinnar, og neitaði hann því afdráttarlaust, að hann hefði hringt langlínusamtöl án þess að fara í gegnum símstöð.

Með bréfi, dags. 15. apríl 1981, fór dómsmálaráðuneytið fram á það við ríkissaksóknara, að hann hlutaðist til um, að fram færi rannsókn á ofangreindu ætluðu misferli ákærða á síma Vinnuhælisins að Litla-Hrauni.

Hinn 14. apríl 1981 var ákærða veitt lausn frá starfi um stundarsakir, meðan rannsókn málsins færi fram.

Með bréfi, dags. 24. apríl 1981, fól ríkissaksóknari síðan rannsóknarlögreglu ríkisins rannsókn málsins, og hófst sú rannsókn fljótlega.

Verða nú málavextir nánar raktir með hliðsjón af rannsókn lögreglu, dómsrannsókn og öðrum gögnum málsins:

Með hliðsjón af efni ákæru verður hér einungis fjallað um þá háttsemi, er ákærða gefin þar að sök að hafa hringt langlínusímtöl fram hjá símstöð, með vísan til 118. gr. opinberra laga nr. 74/1974.

Hinn 13. maí 1981 voru vitnin Frímenn Sigurðsson yfirfangavörður, Rúnar Kristjánsson og Sigurjón Einarsson fangaverðir yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessa máls.

Að sögn Frímenns Sigurðssonar var settur lás á símann, sem er í varðstofu Litla-Hrauns, hinn 30. júní 1980, en númer símans er 99-3105. Lásinn er læstur allan sólarhringinn, og er lykill geymdur hjá forstjóranum. Eftir að lásinn var settur á, er aðeins hægt að hringja til Stokkseyrar og Eyrarbakka beint. Símtöl til annarra stað þarf að panta í gegnum Selfoss, og gefur þá viðkomandi upp nafn sitt og hvert hann ætlar að hringja og nær stöðin síðan í númerið.

Sá, sem hringir, á strax í upphafi að gefa upp nafn sitt og hvort um

persónuleg samtöl sé að ræða eða á vegum hælisis, en persónuleg símtöl greiða starfsmenn sjálfir.

Frímenn Sigurðsson kveður, að í lok mars 1981 hafi Sigurjón Einarsson fangavörður komið að máli við sig og sagt sér, að hann teldi sig hafa vissu fyrir því, að ákærði misnotaði símann á þann hátt, að hann tengdi fram hjá lásnum og hringdi beint í númer utan þess svæðis, sem áður er getið. Kvaðst Frímenn hafa rætt við forstjóra vinnuhælisis nokkrum dögum síðar og um líkt leyti hafi Rúnar Kristjánsson fangavörður sagt sömu sögu um misnotkun ákærða á símanum.

Þá hefur Frímenn greint frá því, að ákærði hafi komið að máli við sig um þetta leyti og sagt, að hann hafi heyrt, að hann ætti að vera „að svindla“ á símanum.

Hefði ákærði sagt það ekki vera rétt og hér væri um persónulega árás á sig að ræða.

Frímenn Sigurðsson hefur staðfest ofangreinda frásögn hér fyrir dómi. Frímenn hefur enn fremur sagt fyrir dómi, að ofangreindir Rúnar og Sigurjón hafi rætt við sig sinn í hvoru lagi varðandi ætlaða misnotkun ákærða á síma. Kvaðst Frímenn í fyrstu hafa haldið, að um einhvern misskilning væri að ræða hjá nefndum fangavörðum, en Frímenn kvaðst þá hafa staðið föstum fótum á þessu.

Þá hefur Frímenn Sigurðsson sagt aðspurður fyrir dómi, að um óvenju-mikil símtöl hafi verið að ræða hjá ákærða, þegar hann var við vinnu á Litla-Hruani, bæði fyrir sig og vinnuhælið.

Frímenn Sigurðsson kveður ákærða hafa verið ágætán starfsmann. Hann hafi verið duglegur og fljótur til ákvarðana.

Við yfirheyrslu á Rúnari Kristjánssyni fangaverði hjá rannsóknarlögreglu ríkisins var eftirfarandi haft eftir honum:

„Það var í júní lok á s. l. ári, að settur var lás á símann á varðstofunni, þannig að nú er ekki hægt að hringja nema til Stokkseyrar og Eyrarbakka, nema panta símtalið í gegnum 02.

Okkur fangavörðunum er fyrirlagt að taka það fram, þegar við pöntum símtal í gegnum 02, hvort símtalið er fyrir stofnunina eða okkur sjálfa. Okkar einkasamtöl greiðum við skv. reikningi, eftir að við höfum yfirfarið hann og kannað, hvort símtalið sé okkar eða þá að við höfum talað fyrir stofnunina án þess að láta þess getið við pöntun. Það kemur nokkrum sinn-um fyrir, að menn gleyma að taka fram, fyrir hvern símtalið er.

Ég vil, að það komi fram, að þegar hringt er í símann á varðstofunni og lásinn er á, heyrir bjölluhljóð frá bjöllu, sem er við hliðina á lásnum, þegar skifan fer til baka. Þetta heyrir við hvern staf, sem valinn er. Þegar lásinn er ekki á, heyrir þetta hljóð ekki. Mér er ekki kunnugt um, að annar hafi lykil af símalásnum nema Helgi Gunnarsson, forstjóri.

Það var sunnudaginn 22. febr. s. l. um kl. 21.00, að ég var á vakt ásamt Sigurði Inga Svavarssyni, varðstjóra, og fleirum. Ég var staddur á varðstofunni, og veitti ég því athygli, að Sigurður hringdi, og heyrðist bjölluhljóðið ekki. Hann talaði nokkuð lengi, en ég fylgdist ekki með tali hans. Ég sá hann ekki beygja sig undir borðið, þar sem símalásinn er, en hann er undir símaborðinu á varðstofunni. Hann hringdi fleiri símtöl þetta kvöld, og ég heyrði aldrei bjölluhljóðið. Ég var ekki í þeirri aðstöðu að kanna símann sjálfur og talaði ekki um þetta við neinn.

Sigurður kom á vakt kl. 20.00 næsta kvöld, og þá varð ég aftur var við, að hann hringdi nokkrum sinnum, án þess að bjölluhljóð heyrðist. Það kvöld varð ég einu sinni var við, að hann beygði sig undir símaborðið og var eitthvað að pukra þar. Símatími fanganna er öll kvöld frá kl. 19.00—19.45, þ. e. a. s. þá mega þeir hringja, en það má hringja í þá frá kl. 20.10—22.00.

Þannig er, að ef maður er að tala í símann og álagið er mikið, heyrir urg í símanum. Ég man, að þetta kvöld, þegar Sigurður var að tala, að hann segir við þann, sem hann var að tala við, að nú sé símatími fanganna og það sé mikið verið að reyna að ná í númerið, þess vegna sé þetta urg. Einnig sagði hann: „Ég er nú að nota símann og hleypi landsímanum ekki inná.“

Þá man ég eftir því þetta kvöld, að um kl. 23.30 hringdi Sigurður, og tók ég eftir því, að hann valdi 7 stafa númer, og ekki heyrðist í bjöllunni. Hann var enn að tala í símann kl. 24.00, þegar ég fór af vaktinni. Ég var einn inni í varðstofunni með Sigurði, þegar hann hringdi þá.

Á vaktinni einhvern tíma í byrjun mars, er við Sigurður vorum saman á næturvakt, varð ég þess var, að hann hringdi tvö kvöld í röð og átti löng símtöl, og aldrei heyrði ég bjölluhljóð, þegar hann hringdi. Það var þá, að við Sigurjón fórum að tala um, að sennilega gæti Sigurður hringt fram hjá lásnum. Það kom fram í samtali okkar, að Sigurjón hafði tekið eftir þessu áður. Ræddum við um það, hvort við ættum að láta yfirmenn okkar vita af þessu, og vildi ég biða einhvern tíma til að vera alveg viss, en Sigurjón mun þá þegar hafa látið Frímann vita fljótlega eftir þetta. Ég staðfesti þetta við Frímann síðar, en það gæti hafa verið um 20. mars.

Ég held, að Frímann hafi ekkert gert í þessu, því hann vildi vera viss í sinni sök, og eftir þetta varð ég þess nokkrum sinnum var, að Sigurður hringdi, án þess að bjölluhljóðið heyrðist. Það hefur trúlega verið um mánaðamótin mars/apríl, sem Frímann skýrði forstjóranum frá þessu.“

Rúnar Kristjánsson hefur staðfest ofangreinda frásögn fyrir dómi, og vann hann eið að framburði sínum.

Greindi Rúnar enn fremur frá því, að hann hefði allt að 10 sinnum orðið var við, að ákærði hringdi utan Eyrarbakkasvæðisins, án þess að bjöllu-

hljóð heyrðist á þeim 4 kvöldum, er hann var á vakt með ákærða. Kveður Rúnar samtöl þessi hafa verið löng, allt að hálf tíma.

Sagðist Rúnar hafa tekið eftir, að ákærði hringdi út fyrir svæðið, þar eð hann hefði hringt í 7 stafa númer, og enn fremur hafi hann merkt á efni samtala, að ákærði ræddi við aðilja, sem var í Reykjavík.

Í lögregluskýrslu, sem tekin hefur verið af Sigurjóni Einarssyni, fæddum 17. apríl 1912, er eftirfarandi haft eftir honum:

„Það var einhvern tíma á s. l. sumri, að settur var lás á símann á varðstofunni, þannig að ekki er hægt að hringja beint nema til Stokkseyrar og Eyrarbakka. Öll önnur símtöl verður að panta í gegnum 02. Það munu vera varðstjórnir, sem hringja út fyrir stofnunina, en ég hef ekki þurft að gera það, a. m. k. ekki síðan lásinn kom á símann. Ég hef einu sinni eða tvisvar þurft að hringja úr símanum á varðstofunni fyrir sjálfan mig, og hef ég þá beðið um, að símtalið yrði skrifað á minn heimasíma, og var það gert.

Það virðist vera, að þegar hringt er úr símanum á varðstofunni og lásinn er á, þá heyrast bjölluhljóð, sem er það hátt, að það mega allir heyra, sem eru inni á varðstofunni. Bjölluhljóðið heyrast, þegar skífan fer til baka eftir hvern staf, sem stimplaður er. Hins vegar heyrast bjölluhljóðið ekki, þegar lásinn er opinn.

Það var síðast í febrúar s. l., mánaðardaginn man ég ekki, að ég varð þess var, þegar Sigurður Svavarsson, varðstjóri, var að hringja, að bjölluhljóðið heyrðist ekki, auk þess sem ég varð þess var, að hann hringdi í 7 stafa númer án þess að fara í gegnum landssímann. Sigurður hringdi á þennan hátt nokkuð oft og talaði oft lengi, en ég fylgdist aldrei með samtali hans, þannig að ég vissi, við hvern hann væri að tala.

Um þetta leyti var ég á vakt með Rúnari Kristjánssyni, og veit ég, að hann tók einnig eftir þessu, en þetta skeði aðallega á kvöldin. Eitt sinn man ég eftir, að hann hringdi tvö símtöl á þessum tíma milli kl. 22.00 og 23.00. Í bæði skiptin varð ég þess var, að bjölluhljóðið heyrðist ekki, þegar hann hringdi.

Það kom nokkrum sinnum fyrir, að þegar ég stóð í varðstofunni við glerið og var að horfa á sjónvarpið, sem er í setustofu fanganna, en glerið er þannig, að það sést illa frá setustofunni inni varðstofuna, en vel frá varðstofunni. Þá er glerið þannig, að það speglast í því, og sjást þeir vel, sem eru fyrir aftan mann. Ég tók nokkrum sinnum eftir því, að þegar Sigurður var að hringja, þá beygði hann sig niður að lásnum, sem er staðsettur undir símaborðinu. Þegar hann svo hringdi, heyrðist bjölluhljóðið ekki. Sigurður var mjög fljótur að þessu, þannig að hann hefur ekki haft tíma til að tengja neitt saman, nema þá að það hafi verið undirbúið áður.

Ég taldi hvað eftir annað, þegar skifan fór til baka, en það heyrðist, þótt ekki hringdi í bjöllunni, og hringdi hann í sjö stafa númer.

Ég veit ekki til þess, að aðrir en við Rúnar hafi tekið eftir þessu, alla vega heyrði ég ekki aðra tala um það, og ég ræddi þetta ekki við aðra en hann, en það gerðum við nokkru sinnum.

Mig minnir, að það hafi verið um miðjan mars, að ég ræddi þetta mál við Frimann Sigurðsson, yfirfangavörð, og hann mun hafa rætt við Rúnar og síðan við Sigurð.

Ég tók þá ákvörðun að tala um þetta mál við Frimann, yfirfangavörð, eftir að ég var viss í minni sök um, að Sigurður Svavarsson hringdi á einhvern hátt fram hjá símalásnum og án þess að fara í gegnum landssímann, eins og fyrir okkur er lagt að gera.

Það var í síðari hluta febrúar, að ég varð fyrst var við þessar hringingar Sigurðar, og þær stóðu allt fram í síðari hluta mars, en ég setti ekki á mig neinar dagsetningar í þessu sambandi.

Sú ákvörðun mín að skýra yfirfangaverði frá þessum símtölum Sigurðar stafar ekki frá því, að ég beri til hans nokkurn kala eða óvildarhug, heldur hitt, að ef um óeðlileg umframskref væri að ræða á símanum, mundi það bitna á öllum starfsmönnum.“

Sigurjón Einarsson kom fyrir dóm hinn 28. des. sl. og endurtók þar ofangreinda frásögn. Vann Sigurjón eið að framburði sínum í upphafi. Sigurjón var sérstaklega inntur eftir því, hversu oft hann hafi orðið var við óvenjulegar símhringingar hjá ákærða. Kvaðst Sigurjón ekki getað gefið neina tölu í því sambandi, en hann kveðst hafa orðið var við þetta á 8—10 vöktum. Sagði nefndur Sigurjón ákærða hafa talað lengi í þau skipti, er hann hringdi með framangreindum hætti.

Hinn 19. maí 1981 var Magnús Ingi Gíslason varðstjóri, fæddur 7. apríl 1934, yfirheyrður hjá lögreglu vegna þessa máls, og var þá eftirfarandi haft eftir honum:

„Mig minnir, að það hafi verið fyrri hluta apríl-mánaðar, er ég var á næturvakt, en það er vakt frá kl. 20.00 til 08.00, og með mér á vakt Sigurjón Einarsson, fangavörður, að ég hringdi heim til konu minnar um kl. 22.00. Að samtalinu loknu fer Sigurjón að tala um, hvernig á því geti staðið, að þegar Sigurður Ingi Svavarsson hringi stundum í símann, heyrst ekki bjölluhljóðið, þegar skifan fer til baka, eftir að númer hefur verið valið. Ég sagðist ekki vita það, því ég vissi ekki betur en að bjölluhljóðið ætti að heyrast. Hins vegar sagðist ég muna það, að bjölluhljóðið hefði ekki heyrst, áður en símalásinn var settur á.

Sigurjón fór þá að tala nánar um þetta og sagðist stundum sjá Sigurð Inga beygja sig undir borðið og vera eitthvað að bauka þar, en ekki vita,

hvað hann væri að gera. Vildi hann meina, að eftir það heyrðist bjölluhljóðið ekki, þegar hann hringdi.

Ég fór þá að athuga símalásinn, sem staðsettur er undir símaborðinu, og varð ég þess þá var, þegar ég kom við skrufuna, sem heldur lokinu, að hún var laus, og þegar ég snerti hana, féll lokið á gólfið. Ég sótti því tvo stálnagla, sem pössuðu í götin á skrufunni, og tóng og festi lokið.“

Magnús Ingi hefur staðfest framburð sinn hjá lögreglu fyrir dómi. Þá hefur Magnús Ingi skýrt frá því, að Óskar Eyjólfsson hafi verið á vakt á undan sér.

Fangaverðir ganga 12 tíma vaktir, og segist Magnús aldrei taka vakt af ákærða og hann aldrei við af sér, þannig að alltaf líða 12 tímar á milli þess, sem þeir eru á vakt.

Magnús Ingi Gíslason hefur verið inntur eftir því, hvort hugsanlegt sé, að lokið hafi verið þannig í nokkurn tíma, og kveður Magnús það vera hugsanlegt. Ekkert óvanalegt var að sjá á lásnum, nema þegar við hann var komið. Lásinn sé þannig staðsettur, að hann blasir ekki við augum og til að ná til hans þarf að beygja sig niður og teygja höndina talsvert undir borðið.

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu hinn 15. maí 1981, og er þar eftirfarandi haft eftir honum:

„Ég hef starfað sem fangavörður að Litla-Hrauni síðan 1. mars 1975 og settur varðstjóri síðan í október 1980.

Þegar ég kom úr sumarleyfi í júlí s. l., var búið að setja lás á símann á varðstofunni á Litla-Hrauni, þannig að aðeins var hægt að hringja beint til Stokkseyrar og Eyrarbakka. Öll önnur símtöl þurftu að fara í gegnum 02.

Það var fyrir okkur fangaverðina lagt af yfirmönnum að taka það fram, þegar við pöntuðum símtal í gegnum 02, hvort við værum að hringja vegna stofnunarinnar eða hvort um einkasímtal væri að ræða. Það kann að vera að stúlkurnar á landssímastöðinni hafi gleymt að skrá þetta.

Þegar símareikningar komu, fengum við þá til yfirlestrar til að kanna þau númer, sem viðkomandi hafði hringt, og ekki var getið um, hvort væru í eigin þágu eða stofnunarinnar. Það var Frímenn, yfirfangavörður, sem annaðist þetta fyrst, en síðan Jón Sigurðsson, fangavörður. Síðan áttu starfsmenn að greiða þau símtöl, sem voru í einkaþágu.

Mig minnir, að það hafi verið um mánaðamótin mars/apríl s. l., að ég heyrði ávæning af því, að ég misnotaði símann á varðstofunni á þann hátt, að ég tengdi fram hjá símalásnum og talaði þannig langlínusamtöl.

Ég ræddi þetta að fyrra bragði bæði við Helga Gunnarsson, forstjóra, og Frímenn Sigurðsson, yfirfangavörð. Sögðust þeir báðir hafa heyrt þetta,

en vildu hvorugur tjá sig frekar um það. Helgi talaði um það við mig, að hann ætlaði að ræða þetta mál við mig síðar, sem hann aldrei gerði.

Ég man sérstaklega eftir tveim samtölum við Helga Gunnarsson um þetta mál, sem ég átti frumkvæði að, en ég varð einskis vísari eftir þau samtöl. Hann staðfesti einungis, að hann hefði heyrt þennan orðróm og það þyrfti að athuga það nánar.

9. apríl s. l. var ég boðaður á fund stjórnar Litla-Hrauns, sem haldinn var á Selfossi. Þeir, sem sátu fundinn, voru þeir Jakob Havsteen, Hafsteinn Þorvaldsson, séra Tómas í Hveragerði og Helgi Gunnarsson, forstjóri.

Þar var ég spurður að því, hvort ég hefði misnotað símann með því að tengja fram hjá símalásnum. Nefndu þeir, að tveir fangaverðir, Sigurjón Einarsson og Rúnar Kristjánsson, hefðu borið hjá nefndinni, að svo væri. Það er rétt að taka það fram, að nöfn fangavardanna voru ekki nefnd þá.“

Síðar í þessari sömu yfirheyrslu er þetta haft eftir ákærða:

„Símalásinn er í þröngu skoti undir símaborðinu á varðstofunni, og eftir því sem ég veit nú, eru til aðeins tveir lykklar að honum, og eru þeir báðir í vörslu Helga Gunnarssonar, forstjóra. Síminn er læstur allan sólarhringinn.

Þegar hringt er í símann, heyrir bjölluhljóð, eftir að númer er valið og skífan fer til baka. Hvort þetta hljóð heyrir eða ekki, þegar lásinn er opin, veit ég ekki, því ég hef ekki samanburð þar á, en hins vegar man ég nú, að þetta hljóð heyrðist ekki, áður en lásinn var settur á.“

Hinn 19. maí 1981 mætti ákærði að nýju til yfirheyrslu hjá rannsóknar-lögreglu og voru kynntir framburðir þeirra Frímans Sigurðssonar, Rúnars Kristjánssonar og Sigurjóns Einarssonar.

Í yfirheyrslu þessari var eftirfarandi þá haft eftir ákærða:

„Varðandi bjölluhljóðið, sem heyrir, þegar hringt er og skífan fer til baka, vísa ég til fyrri skýrslu minnar. Það er rétt, að bjölluhljóð heyrir, þegar númer hefur verið valið og skífan fer til baka, en hvort það er í hvert einasta skipti, þori ég ekki að fullyrða, því ég hef ekki svo hugsað um það mál.

Varðandi það, sem Rúnar Kristjánsson segir í sinni skýrslu, að hann hafi séð mig beygja mig undir borðið, þar sem símalásinn er, þá get ég ekki með nokkru móti munað, hvort ég beygði mig undir það bord eða ekki. Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að ruslafata er einnig undir borðinu, og þarf maður oft að beygja sig niður, er maður er að henda einhverju frá sér, og einnig hitt, að það getur komið fyrir, að maður hafi hent minnis-miða, sem síðan þarf að sækja aftur.

Varðandi þau löngu samtöl, sem Rúnar segir, að ég hafi talað, vil ég benda á, að það er ekki hægt að ætlast til þess, að ég muni nú, hvort ég talaði lengi eða stutt í símann einhvern ákveðinn dag í febrúar, og þó

svo ég hafi talað í símann, þarf ekki endilega að hafa verið svo, að ég hafi hringt, heldur hefur alveg eins getað verið hringt í mig.

Varðandi það atriði, að þegar símatími fanganna er, er mikið álag á símanum, og kemur landssíminn oft þar inn á eða reynir það. Öll símtöl fanganna fara í gegnum varðstjórana, og þar er allt um langlínusamtöl að ræða. Fangarnir hafa ekki forgang að símanum, jafnvel þó um símatíma sé að ræða, því það er aðeins ein lína og þurfi starfsmaður að hringja á þessum tíma, gerir hann það, sé síminn á annað borð laus.

Fullyrðingar þeirra Rúnars og Sigurjóns um, að þeir hafi heyrt mig hringja í 7 stafa númer beint, vísa ég á bug sem röngum, því það er ekki hægt að hringja nema í 4ra stafa númer beint, eða þá 2ja stafa númer.

Ég hef aldrei orðið þess var, að einn eða neinn starfsmanna Litla-Hrauns væri að fikta í símalásnum, og ég hef aldrei séð lokið á honum laust eða (á) gólfinu.“

Helgi Gunnarsson, forstjóri Vinnuhælisins á Litla-Hrauni, fæddur 2. desember 1921, hefur verið yfirheyrður fyrir dómi vegna þessa máls. Kveður Helgi ákærða hafa starfað á Litla-Hrauni frá árinu 1975 og mest allan tíman sem fangavörður. Á árinu 1980 hafi ákærði verið settur varðstjóri og þar til hann lét af störfum. Kveður Helgi hlutverk varðstjóra vera að stjórna vöktum, en á hverri vakt séu 4—6 menn. Enn fremur sjái varðstjórar um símaavörslu, þ. e. a. s. hafi yfirumsjón með hringingum fanga, bæði frá og til Litla-Hrauns. Kveður Helgi síma vera í varðstofu, eldhúsi, skrifstofu og útivinnudeild, og gefur varðstjóri samband við þessa staði, þegar hringt er á Litla-Hraun og einhver þarf að hafa samband við þessa staði. Sími á varðstofu sé því eins konar skiptiborð.

Helgi Gunnarsson segir ákærða hafa verið röskan til vinnu og ágætis starfsmann og hafi hann ekkert út á hann að setja.

Varðandi meintar sakargiftir kveður Helgi yfirfangavörð hafa haft samband við sig vegna meintrar misnotkunar á staðarsíma og hafi hann þá látið loka símanum í stöð, þannig að ekki var með neinu móti hægt að hringja fram hjá símanum.

Helgi kveður ákærða hafa komið að máli við sig um mánaðamót mars—apríl og rætt lítillaga við sig og borið af sér sakir.

Helgi Gunnarsson var inntur eftir því, hvort ákærði hafi notað símann óvenju mikið, og sagði Helgi svo vera.

Teknar voru lögregluskýrslur af fangavörðunum Björgvin Edvaldssyni, Steindóri Guðmundssyni og Guðmundi Einarssyni 28. sept. sl., en þeir voru á vakt með ákærða, er hann gegndi varðstjórastörfum.

Björgvin Edvaldsson, fæddur 16. nóvember 1944, kveðst alltaf á tímabilinu kl. 2000—2400 hafa verið flokkstjóri í „Nýja húsinu“ og því ekki verið með ákærða á þeim tíma. Segir Björgvin alla tíð hafa verið mikið hringt

í ákærða og einnig hafi hann mikið notað símann og hafi hann pantað símtöl sín í gegnum 02.

Kveðst Björgvin aldrei hafa orðið var við, að ákærði fíktaði við boxin undir borðinu eða hann hafi verið með tilraunir í þá veru og aldrei hafi þeir rætt um símalásinn.

Björgvin hefur staðfest framangreinda frásögn fyrir dómi. Björgvin skýrði enn fremur frá því fyrir rétti, að ákærði hafi verið óvenjumikið í símanum og hafi fangaverðir haft orð á því við ákærða. Kveður Björgvin það fólk, sem hafi reynt að ná til Litla-Hrauns, hafa kvartað yfir því.

Guðmundur Einarsson kveðst hafa byrjað á vöktum með ákærða um miðjan mars 1981 og hafi verið með honum, þar til ákærði hætti störfum. Kveður Guðmundur ákærða hafa notað símann töluvert, einkum á kvöldin. Að sögn Guðmundar sá hann ekkert óeðlilegt við hringingar ákærða og hann hafi aldrei séð hann vera að fíkta í símalásnum undir símaborðinu eða ræða um hann.

Framangreindur Guðmundur hefur staðfest ofangreint fyrir dómi. Þá sagði Guðmundur fyrir dómi, að ákærði hafi verið óvenjumikið í símanum. Bæði hafi hann hringt mikið og mikið verið hringt í hann. Kvað Guðmundur símtöl ákærða hafa verið miðlungslöng.

Steindór Guðmundsson, fæddur 29. september 1921, kveðst hafa verið á vakt með ákærða frá því í desember 1980 þar til í mars sl. Á þessum tíma segist Steindór hafa orðið þess var, að hann talaði mikið í síma, bæði var oft hringt í hann og eins hringdi hann úr símanum á varðstofunni. Steindór sagðist aldrei hafa orðið var við, að ákærði fíktaði við símalásinn undir símaborðinu, og aldrei hafi hann rætt um lás þennan.

Steindór hefur staðfest ofangreint fyrir dómi. Þá kvaðst Steindór ekki hafa fylgst náíð með samtölum ákærða, en telja frekar, að þau hafi verið persónulegs eðlis.

Ákærði kom hér fyrir dóm hinn 28. desember sl. Kvað ákærði efnislýsingu í ákæru ranga og neitaði með öllu meintum sakargiftum.

Ákærði var inntur eftir því, hvort hann hafi notað umræddan síma óvenjumikið. Svaraði ákærði því til, að hann hefði notað símann, þegar hann þurfti þess með. Kvað ákærði, þegar litíð væri á símareikninga, sæist, að hann væri með þeim hæstu þar eða hæstur, sem sýndi, að hann hefði notað símann.

Ákærði kvaðst ekki kannast við sakargiftir, en kenna um óvild Rúnars Kristjánssonar í sinn garð. Varðandi framburð Sigurjóns Einarssonar sagðist ákærði engar skýringar hafa. Þá gerði ákærði athugasemdir við framburð Rúnars Kristjánssonar, að ákærði hafi verið í símanum milli kl. 2330—2400. Kvað ákærði það alls ekki geta staðist, þar eð hann hefði þá

rekið Rúnar út, þar sem hlutverk Rúnars á þessum tíma sem annarra fanga-
varða væri að færa tiltekna fanga í fangaklefa á þessum tíma.

Þá vildi ákærði, að það kæmi skýrt fram, að Jakob Havsteen, formaður
stjórnar Vinnuhælisins að Litla-Hrauni, hafi rætt við sig skömmu eftir fund
stjórnar Litla-Hrauns og bent ákærða á, að játaði hann sakir, mundi Jakob
gera allt, sem í hans valdi stæði, til að ákærði héldi starfi og slyppi ein-
ungis með áminningu. Kveðst ákærði hafa hafnað þessu sökum sakleysis
hans í þessu máli.

Jakob Havsteen, formaður stjórnar Vinnuhælisins að Litla-Hrauni,
hefur komið fyrir dóm og staðfest bréf stjórnar Litla-Hrauns til dómsmala-
ráðuneytis, sem efnislega rétt greint frá. Varðandi fullyrðingu ákærða hér
á undan kveður Jakob ákærða hafa rætt við sig og þeir almennt rætt um
stöðu ákærða og hvaða lögfylgjur hugsanlegur verknaður ákærða hefði í
för með sér. Hafi þeir rætt saman í 2—3 tíma og komið víða við. Jakob
Havsteen segist ekki gera neinar athugasemdir við framburð ákærða, þar
eð hann viti ekki, hvernig ákærði hafi hugsanlega túlkað samtal þeirra.

Miðvikudaginn 13. maí 1981 fór Már Ingólfsson símaverkstjóri að
Vinnuhælinu Litla-Hrauni ásamt rannsóknarlögreglumönnum til að skoða
tengingu á langlínulás á síma nr. 99-3105.

Í greinargerð framangreinds Más segir:

„Lína til símstöðvar er tengd í gegnum tengibox á símtæki og þaðan
í langlínulás.

Mjög auðvelt er að tengja fram hjá langlínulásnum í tengiboxinu, línan
er einangruð á samskeytum með plasthólki, og þarf ekki annað en að losa
skrúfur A.11 og A.12 og setja línuna að lásnum við skrúfurnar, og er þá
komið samband á símanum fram hjá langlínulásnum.

Skrúfur A.11 og A.12 hafa auðsjáanlega verið hreyfðar meira en aðrar
skrúfur, og sést það vel á þeim.“

Már Ingólfsson hefur staðfest ofangreinda greinargerð fyrir dómi. Fyrir
rétti kvað Már aðspurður fjóra möguleika vera til að hringja út fyrir Eyrar-
bakkasvæðið, án þess að það færi í gegnum símstöð, og gerði Már nánari
grein fyrir möguleikum þessum. Kveður Már bjölluhljóð ekki heyrast, sé
þetta gert. Segir Már bjölluhljóð ekki heyrast, nema sími sé læstur. Kveður
Már af þessum fjórum möguleikum sé einn langauðveldastur, þ. e. a. s.
losa plasthólka af samsetningum í húsi til símstöðvar og leggja á skrúfur
A.11 og A.12.

Við vettvangsskoðun 28. desember sl. sýndi Már, hvernig þetta væri gert.
Kvað hann eftir tvö skipti hægt að gera þetta blindandi með annarri hendi
og tæki örskamma stund. Aðspurður kvað Már ógerning að sjá, hvort tengt
hafi veri fram hjá símanum með þessum hætti, með hliðsjón af því, hvernig
útbúnaði þarna væri háttað.

Við frumrannsókn málsins var Sigurður Andersen, símstöðvarstjóri á Eyrarbakka, fenginn til að taka saman skrefafjölda varðandi síma 99-3105.

Samkvæmt athugun Sigurðar Andersen símstöðvarstjóra, Eyrarbakka, var notkunin eftirfarandi:

Janúar 1980	6.805
Febrúar 1980	7.286
Mars 1980	8.741
Apríl 1980	7.192
Mái 1980	8.615
Júní 1980	8.221

Langlínulás settur við 30. júní 1980.

Júlí 1980	1.036
Ágúst 1980	1.014
Sept. 1980	2.839
Okt. 1980	1.639
Nóv. 1980	1.648
Des. 1980	3.948
Janúar 1981	1.202
Febrúar 1981	2.003
Mars til pr. 24.	2.530

Víkuna 24. mars—1. apríl var settur teljari við símann 99-3105, og sýndi hann þá 263 skref.

Undir rekstri málsins var Sigurður Andersen fenginn til að yfirfara aftur athugun sína júlí—mars og enn fremur að fara yfir mánuðina apríl—des. 1981.

Samkvæmt þessari talningu var notkunin á símanum 99-3105 með þessum hætti:

Mars 1980	8741 skref
Apr. 1980	7192 skref
Mái 1980	8615 skref
Júní 1980	8221 skref
Júlí 1980	1036 skref
Ágúst 1980	1014 skref
Sept. 1980	1200 skref
Okt. 1980	1639 skref
Nóv. 1980	1648 skref

Des.) 1980		
Jan.) 1981	Vantar mynd	5150 skref
Febr. 1981	2003 skref
Mars 1981	2647 skref
Apríl 1981	1305 skref
Mái 1981	1008 skref
Júní 1981	1124 skref
Júlí 1981	1060 skref
Ágúst 1981	877 skref
Sept./okt. 1981	2553 skref
(v. galla í myndavél urðu ljósm. 30/9. ónýtar).		
Nóv. 1981	935
Des. pr. 29 1981	1587

Sigurður Andersen, fæddur 29. ágúst 1932, hefur komið fyrir dóm og staðfest ofangreinda talningu, sem gerð er eftir mælistöðumyndum, sem rétta og unna eftir bestu samvisku. Myndir þessar eru ýmist miðaðar við 29., 30., 31. eða 1. hvers mánaðar.

Varðandi misræmi í fyrri talningu og þessari síðari kveður Sigurður, að varðandi sept. 1980 hafi verið um mislestur hjá sér að ræða. Um des.—jan. 1980—1981 kveður Sigurður mælistöðumynd hafa skemmst og hafi hann þá eftir öðrum leiðum reynt að reikna út skrefafjöldann í hvorum mánuðinum fyrir sig, en við nánari athugun hafi það verið óframkvæmanlegt. Af þeim sökum verði að telja mánuðina des. 1980 og jan. 1981 saman.

Fyrir dómi hefur verið lögð fram álitserð Sigurjóns Bergssonar sím-virkja, svæðisumsjónarmanns Pósts og síma á Suðurlandi.

Í álitserð þessari segir:

„Símlásar, sem staðsettir eru við símtæki notanda, er stjórnað með lykli, hvort heldur notandinn vill hafa lásinn opinn eða lokaðan.

Lokaður: Þýðir, að einungis er hægt að ná til númera innan eigin lokal-númersseríu, núlltrafik (þ. e. a. s. 02, 04, 05 og svo frv.) og skiptiborð á símsstöð í sama lokal, og kemur þá einungis ein talning á teljara viðkomandi númer, þegar svarað er. Þegar hringt er í 02 og skiptiborð, sjá þau um útreikning gjalds fyrir þau símtöl, sem pöntuð eru, og hafa skýrslur þar að lútandi.

Opinn: Þýðir, að hægt er að ná á sama hátt og þegar lásinn er lokaður, og einnig í alla landstrafík, þ. e. a. s. hvert á land sem er og til útlanda frá október 1980, og koma þá talningar samkvæmt ákveðinni tímamælingu.

Mjög auðvelt er að brjóta lásinn upp, þ.e.a.s. taka af honum lokið, og er þá hægt með smá fikti að komast upp á lag með að sveifla hann og virkar hann þá eins og opinn.

Læsing á símstöð: Þá er gerð föst tenging í símstöð fyrir það númer, er þess óskar, þá getur notandi ekki haft áhrif á, hvort númerið sé opið eða lokað, það er algjörlega lokað fyrir allri landstrafík og útlandstrafík, næst einungis eins og um lokaðan símalás væri að ræða.“

Sigurjón Bergsson, fæddur 13. ágúst 1944, hefur staðfest ofangreint hér fyrir dómi.

Undir rekstri málsins hefur verið aflað fylgiskjala varðandi símann 99-3105 mánuðina júlí 1980—mars 1981. Er þar að finna öll símtöl, sem hafa farið í gegnum símstöð, nöfn þeirra, sem hafa hringt, dagsetningar, viðtakenda símhringinga og númer þeirra ásamt skrefafjöldi.

Samkvæmt fylgiskjölum kemur í ljós eftirfarandi:

Júlí:	Heildarskrefafjöldi	1437
Júlí:	Heildarsímtöl (02)	378
Júlí:	Skrefafjöldi ákærða	112
Júlí:	Símtöl ákærða (02)	30
Ágúst:	Heildarskrefafjöldi	1420
Ágúst:	Heildarsímtöl (02)	378
Ágúst:	Skrefafjöldi ákærða	124
Ágúst:	Símtöl ákærða (02)	26
September:	Heildarskrefafjöldi	1491
September:	Heildarsímtöl (02)	360
September:	Skrefafjöldi ákærða	132
September:	Símtöl ákærða (02)	31
Október:	Heildarskrefafjöldi	1483
Október:	Heildarsímtöl (02)	297
Október:	Skrefafjöldi ákærða	19
Október:	Símtöl ákærða (02)	7
Nóvember:	Heildarskrefafjöldi	1431
Nóvember:	Heildarsímtöl (02)	357
Nóvember:	Skrefafjöldi ákærða	168
Nóvember:	Símtöl ákærða (02)	47
Desember:	Heildarskrefafjöldi	1752
Desember:	Heildarsímtöl (02)	425
Desember:	Skrefafjöldi ákærða	65
Desember:	Símtöl ákærða (02)	20
Janúar '81:	Heildarskrefafjöldi	1589
Janúar '81:	Heildarsímtöl (02)	429
Janúar '81:	Skrefafjöldi ákærða	113
Janúar '81:	Símtöl ákærða (02)	27
Febrúar '81:	Heildarskrefafjöldi	1251

Febrúar '81:	Heildarsímtöl (02)	275
Febrúar '81:	Skrefafjöldi ákærða	21
Febrúar '81:	Símtöl ákærða (02)	7
Mars '81:	Heildarskrefafjöldi	1823
Mars '81:	Heildarsímtöl (02)	440
Mars '81:	Skrefafjöldi ákærða	62
Mars '81:	Símtöl ákærða (02)	11

Framangreind símtöl ákærða eru þau, sem fram komu á fylgiskjöllum Pósts- og síma og pöntuð eru í gegnum símstöð. Er hér einungis um að ræða símtöl, sem ákærði hefur hringt án þess að geta þess, að þau séu á vegum vinnhælisins.

Samkvæmt framburði Frímanns Sigurðssonar yfirfangavarðar var þó misbrestur á, að fangaverðir almennt tækju fram, að símtöl væru vegna vinnuhælisins. Af þeim sökum fór einn fangavarða yfir pantanir og gerði lista yfir þá, sem hringt höfðu. Var síðan farið yfir símtöl þessi með viðkomandi og hann strikaði út þau númer, er hann taldi sig hafa hringt í á vegum vinnuhælisins.

Við frumrannsókn málsins voru lögð fram fylgiskjöl Pósts- og síma varðandi janúar, þar sem tilgreint hefur verið nánar símhringingar ákærða gegnum símstöð. Kemur þar fram, að af framangreindum 27 símhringingum, er hann pantaði í gegnum símstöð, hafa a. m. k. 12 verið á vegum vinnuhælisins, samtals 52 skref.

Undir rekstri málsins hefur verið lagt fram yfirlit Frímanns Sigurðssonar yfirfangavarðar um vaktstöður ákærða, meðan hann var varðstjóri frá 20. október 1980—15. apríl 1981.

Samkvæmt þessu hefur ákærði hringt í gegnum símstöð, er hann var á vakt frá kl. 2000—0800 sem hér segir:

6 sinnum í desember, 6 sinnum í janúar, 3 sinnum í febrúar og 4 sinnum í mars. Er hér um að ræða eins og áður símtöl, sem ákærði hefur pantað í gegnum símstöð og ekki getið um, að væru e. t. v. á vegum vinnuhælisins. Þannig eru 3 símtöl af ofangreindum 6 í janúar á vegum vinnuhælisins.

Samkvæmt símaskrá eru símanúmer á Vinnuhælinu Litla-Hrauni þrjú. 3105, skrifstofa 3127 og vinnuskálar 3104.

Samkvæmt yfirlýsingu pósts- og símstöðvarstjóra á Eyrarbakka var síminn 99-3105 læstur í stöð 15. maí 1981.

Niðurstöður.

Samkvæmt framangreindri skrefanotkun á símanum 99-3105 frá júlí 1980 til des. 1981, er um að ræða aukningu notkunar á tímabilinu okt. 1980

til mars 1981, og er um verulega aukningu að ræða mánuðina des. 1980 til mars 1981.

Með hliðsjón af því, að skrefatalning þessi miðast eingöngu við bein símtöl (ekki í gegnum símtöð) og aðeins við Eyrarbakkasvæðið (Stokkseyri og Eyrarbakka) og hvert símtal þá eingöngu mælist eitt skref, verður aukning þessi eigi skýrð á annan hátt en um langlínusamtöl hafi verið að ræða fram hjá símtöð.

Hægt var að opna símalás með lykli, sem forstjóri vinnuhælisins geymdi, en eigi verður ráðið af gögnum málsins, að svo hafi verið gert.

Fyrir liggur í máli þessu framburðir Más Ingólfssonar símaverkstjóra og Sigurjóns Bergssonar símverkja um, að mjög auðvelt sé að hringja langlínusímtöl fram hjá símalás með smátílfæringum.

Með hliðsjón af þessu og framburði Magnúsar Inga Gíslasonar varðstjóra verður eigi hjá því komist að álykta, að hringt hafi verið langlínusímtöl í gegnum símann 99-3105 á umræddu tímabili á ólögmetan hátt með einhvers konar tilfæringum á símalás.

Samkvæmt þessu og einkum framburðum Rúnars Kristjánssonar og Sigurjóns Einarssonar svo og framburðum ákærða sjálfs, yfirmanna og samstarfsmanna ákærða um mikla símanotkun hans, en á hinn bóginn fremur hið gagnstæða skv. skráðum símtölum ákærða, einkum mánuðina febr. og mars 1981, og sérstaklega á þeim tíma, sem ákærði var á kvöldvakt og að öllu jöfnu hentaði best til persónulegra símtala, verður hér talið nægilega sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Refsing.

Ákærði er sakhæfur.

Hann hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1966 16/3 í Reykjavík: Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 24., 25., 26. og 37. gr. og 50. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 4 mánuði.
- 1966 25/8 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga
- 1966 6/9 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.
- 1966 29/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. lögreglusamþykktar.
- 1967 7/1 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1967 7/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, Áminning fyrir ölvun.

- 1967 12/4 í Vestmannaeyjum: Sátt 200. kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1967 13/5 í Vestmannaeyjum: Sátt 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1967 í Reykjavík: Sátt, uppvíis að brotum gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið 2 ár frá 14/11 1967.
- 1968 14/2 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt fyrir brot á 25. og 27. gr. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár frá 14/2 1968.
- 1968 24/5 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 25., 26. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 2 ár frá 14/2 1968. (Hegningarauki).
- 1968 16/8 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Við refsímat verður að hafa í huga, að hér er um brot í ábyrgðarstöðu að ræða, en á hitt ber að líta, að ákærði var leystur frá störfum um stundarsakir a. m. k.

Refsing hans þykir með hliðsjón af öllum málavöxtum hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Rétt þykir þó eftir atvikum að fresta fullnustu refsingar í 3 ár frá birtingu dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Þá skal ákærði með vísan til 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 greiða allan sakarkostnað, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Sveins Skúlasonar, cand. juris., kr. 5.500.00.

Karl R. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Ingi Svavarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Fullnustu refsingar skal þó frestað í 3 ár frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Sveins Skúlasonar, cand. juris., kr. 5.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.